

Nd. **763. Breytingartillögur** [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við 3. gr. 2. málslíður orðist svo:

Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin einn forstjóra. Skal hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og má ekki gegna öðrum fastlaunuðum störfum.

2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

29. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs hvarvetna á landinu með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.